

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/1910****2021/EES/19/06****frá 28. október 2016****um það hvort skýrslugjafarskylda tiltekinna þriðju landa varðandi greiðslur til stjórnvalda jafngildi kröfum  
10. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðu-reikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 47. gr.,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB <sup>(2)</sup>, einkum 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilgangur jafngildismatsins, sem sett er fram í 46. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, er að minnka stjórnvísun og komast hjá tvíteknun tilkynningum fyrir stór fyrirtæki og einingar tengdum almannahagsmunum með starfsemi í námuíðnaði eða skógarhöggi í frumskógum sem semja og birta skýrslur um greiðslur til stjórnvalda sem um getur í 42. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Samkvæmt 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB þurfa útgefendur með starfsemi í námuíðnaði eða skógarhöggi í frumskógum einnig að gera árlega skýrslu um greiðslur til stjórnvalda í samræmi við 10. kafla þeirrar tilskipunar.
- 2) Í 46. gr. tilskipunar 2013/34/ESB er fyrirtækjum með starfsemi í námuíðnaði og fyrirtækjum með starfsemi í skógarhöggi í frumskógum veitt undanþága frá því að semja og birta skýrslu um greiðslur til stjórnvalda samkvæmt kröfum í 10. kafla tilskipunar 2013/34/ESB að því marki sem fyrirtækin gera viðkomandi greiðslur opinberar vegna lagaskyldu samkvæmt jafngildum skýrslugjafarskyldum í þriðju löndum. Slík lagaskylda getur í reynd haft áhrif á móðurfélag vegna dótturfélaga. Í því tilviki myndu fyrirtækin semja skýrslu um greiðslur þeirra sem falla undir lagaskyldu um skýrslugjöf í tilteknum þriðju löndum samkvæmt þeim skýrslugjafarskyldum þriðju landanna sem teljast jafngildar. Fyrirtækin myndu gera skýrslu fyrir allar aðrar eftirstandandi greiðslur samkvæmt viðkomandi kröfum sem eru ákveðnar með löggjöf Sambandsins. Viðkomandi fyrirtæki myndu áfram þurfa að uppfylla þá skyldu að birta skýrsluna eins og mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis fyrir sig í samræmi við 2. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB <sup>(3)</sup>, þ.m.t. öll tímabil sem aðildarríkin ákveða að því er varðar aðgengi almennings að skjölum.
- 3) Meta ætti jafngildi skýrslugjafarskyldna í þriðju löndum með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 3 mgr. 46. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Viðmiðunin vísar einkum til markfyrirtækja, markviðtakenda greiðslna, bókaðra greiðslna, úthlutunar bókaðra greiðslna, sundurliðunar bókaðra greiðslna, þátta sem kalla á skýrslugjöf á samstæðugrundvelli, miðils skýrslugjafar, tíðni skýrslugjafara og ráðstafana gegn undanskotum.
- 4) Kanada hefur samþykkt skýrslugjafarskyldur varðandi greiðslur til stjórnvalda (Lög um gagnsæisráðstafanir í námuíðnaði (e. Extractive Sector Transparency Measures Act) frá 22. júní 2015 og nákvæmar tæknilegar skilgreiningar í þeim um skýrslugjöf). Með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem eru tilgreindar í 3 mgr. 46. gr. tilskipunar 2013/34/ESB skila þessar skýrslugjafarskyldur niðurstöðum sem eru efnislega jafngildar ákvæðunum í 10. kafla tilskipunar

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 295, 29.10.2016, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 182, 29.6. 2013, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 390, 31.12. 2004, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (Stjttíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11).

2013/34/ESB og 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Þessum skýrslugjafarskyldum er beint að fyrirtækjum og útgefendum sem eru eingöngu með starfsemi í námuiðnaði. Því ætti að álykta að skýrslugjafarskylda Kanada um skýrslugjöf um greiðslur fyrirtækja og útgefenda til stjórnvalda teljist jafngild skyldunum í 10. kafla tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2013/34/ESB að því er varðar starfsemi í námuiðnaði eingöngu.

- 5) Regluleg endurskoðun á skýrslugjafarskyldu varðandi greiðslur til stjórnvalda sem gilda í þriðju löndum sem falla undir þessa ákvörðun ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt er með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2013/34/ESB.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Að því er 47. gr. tilskipunar 2013/34/ESB og 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB varðar skal telja skýrslugjafarskyldu þriðju landa, sem eru á skrá í viðaukanum við þessa tilskipun, sem gildir um fyrirtæki og útgefendur með starfsemi í námuiðnaði, eins og um getur í 1. mgr. 41. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, jafngilda kröfunum í 10. kafla tilskipunar 2013/34/ESB varðandi greiðslur til stjórnvalda.

##### 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. október 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

Jean-Claude JUNCKER

*Forseti*

\_\_\_\_\_  
VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRIÐJU LÖND AÐ ÞVÍ ER VARÐAR 1. GR. (FYRIRTÆKI OG ÚTGEFENDUR MEÐ STARFSEMI Í NÁMUIÐNAÐI)

- 1) Kanada
- \_\_\_\_\_